

Nd.

235. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. desember 1971 um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur .....	1 kg	45,60
03	Brjóstsýkur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a. ....	1 kg	45,60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað .....	1 kg	45,60
05	Karamellur .....	1 kg	45,60
06	Vörur úr gúmmí arabikum .....	1 kg	45,60
09	Aðrar .....	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 18.06.09	Súkkulaðiis og ís húðaður með súkkulaði .....		0,00
úr 18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ.e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri. Lágmarksstærð í smásöluumbúðum 100 grömm .....	1 kg	20,80
úr 18.06.04	Annað .....	1 kg	45,60
úr 18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt .....	1 kg	45,60
úr 18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt .....	1 kg	45,60
úr 18.06.09	Annars .....	1 kg	45,60
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru .....	1 l	13,20
22.02.01	Gosdrykkir .....	1 l	13,00
22.02.09	Annað .....	1 l	13,00
22.03.01	Maltöl og annað yfirgerjað öl sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhólmagni miðað við rúmmál .....	1 l	10,80
úr 22.03.09	Annað .....	1 l	13,80

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða til Styrktarsjóðs vangefinna framlag, er nemur 7,00 kr. af hverjum lítra innlendra framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977 og gilda til 31. desember 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Styrktarsjóður vangefinna var stofnaður með lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins og er það hlutverk

hans að standa straum af kostnaði við að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

Tekjur sjóðsins hafa frá upphafi verið ákveðið gjald sem lagt hefur verið á gosdrykki og öl, sem framleitt er hér á landi. Fyrstu fimm árin var þetta gjald 10 aurar á hverja flösku gosdrykkja og öls, sem seld var eða afhent. Árið 1962 var þetta svonefnda tappagjald hækkað í 30 aura og árið 1966 var það hækkað í 60 aura, en þá var jafnframt ákveðið að fjórðungur þess skyldi renna til Hjartaverndar.

Lögin um aðstoð við vangefið fólk voru síðan afnumin með lögum nr. 97/1971 um vörugjald, en með ákvæðum 12. gr. þeirra laga voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júní 1976 og nemur þetta gjald kr. 1.95 af hverjum lítra.

Tekjur sjóðsins af þessu gjaldi námu kr. 30 771 000 á s.l. ári, og í þessa árs fjárlögum er gert ráð fyrir framlagi til sjóðsins að fjárhæð kr. 31 825 000.

Til ársloka 1975 hefur verið veitt úr Styrktarsjóði vangefinna sem hér segir:

Til Kópavogshælis .....	kr. 127 493 000
Til Sólheimahælis, Grimsnesi .....	— 12 228 000
Til Styrktarfélags vangefinna .....	— 4 800 000
Til Skálatúnsheimilis .....	— 40 370 000
Til Tjaldanesheimilis .....	— 10 550 000
Til Sólborgar, Akureyri .....	— 55 841 000
Til Bjarkaráss, Reykjavík .....	— 11 000 000
Til Egilsstaðaheimilis .....	— 400 000

Samtals kr. 262 682 000

Af þeim framkvæmdum, sem fjármagnaðar eru af Styrktarsjóði vangefinna og nú eru á döfinni eru þessar helstar:

### 1. Kópavogshæli.

Verið er að ljúka við byggingu nýrrar deildar, sem rúmar 15 vistmenn. Gerir byggingarnefndin ráð fyrir að vanta muni 5—6 millj. kr. til að ljúka þeim framkvæmdum.

Þá hefur byggingarnefndin gert tillögur um byggingu fyrir eldhús, mötuneyti, félags- og íþróttastarfsemi o. fl. Byggingu þessari er fyrirhugað að koma upp í áföngum. Er þá fyrst og fremst lögð áhersla á að byggja þann hlutann, sem í verði sundlaug og búningsherbergi. Hefur starfsmannafélag Kópavogshælis boðið fram nokkurn fjárstyrk til þessarar byggingar. Byggingarnefndin telur að koma mætti upp þessum hluta byggingarinnar fyrir 26 millj. kr. miðað við núverandi verðlag.

Um eldhúsbygginguna er það að segja að teikningar af henni lágu fyrir þegar á árinu 1973 og var kostnaður við hana þá áætlaður 70 millj. kr.

### 3. Vistheimilið Sólborg, Akureyri.

Á s. l. sumri var hafist handa um byggingu sjúkradeildar við Vistheimilið Sólborg. Samkvæmt áætlun skyldi byggingu deildarinnar lokið 1. ágúst 1977. Fyrir 1. maí 1976 mun verða búið að steypa upp kjallara hússins og er gert ráð fyrir að þegar þeim áfanga er náð verði búið að vinna fyrir þær 20 millj. kr. sem heitið var að leggja fram á s. l. ári.

Stefnt er að því að gera húsið fokhelt fyrir næsta haust og að það geti orðið tilbúið til notkunar haustið 1977, ef nægilegt fjármagn fæst til þess. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Sólborgar er áætluð fjárþörf til þessara framkvæmda 44 millj. kr. á þessu ári og 43,7 millj. kr. á árinu 1977. Auk þessa er gert ráð fyrir

öðrum byggingaframkvæmdum við vistheimilið, þ. e. tengibyggingu o. fl., og er áætluð fjárförf til þeirra framkvæmda 40 millj. kr. á árinu 1977.

Sólborg fer því fram á aðstoð sem nemur 44 millj. kr. á þessu ári og 83,7 millj. kr. á árinu 1977.

### 3. Egilsstaðaheimilið.

Undirbúningur er hafinn að byggingu heimilis fyrir vangefna á Egilsstöðum. Var heitið 10 millj. kr. framlagi til þess á s. l. ári.

Samkvæmt bréfi Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi, dags. 9. okt. 1975, er gert ráð fyrir að kosta muni 50 millj. kr. að gera fyrsta áfanga þess heimilis fokheldan. Sótt hefur verið um 40 millj. kr. framlag til þessara framkvæmda á þessu ári.

### 4. Tjaldanesheimilið.

Verið er að ljúka byggingu íbúðarhúss fyrir forstöðumann heimilisins. Sótt er nú um 4 millj. kr. framlag til þess að ljúka þeirri byggingu.

Af framanrituðu sést að Styrktarsjóður vangefinna hefur gegnt miklu hlutverki í uppbyggingu stofnana fyrir vangefið fólk hér á landi, en mörg verkefni bíða nú úrlausnar. Ber því brýna nauðsyn til þess að efla þennan sjóð svo sem unnt er svo að hann geti sem best sinnt sínu hlutverki. Í því sambandi er einnig vert að minnst þess fórnfúsa og ómetanlega starfs, sem félög áhugamanna, inna af hendi til þess að bæta hag vangefinna og það var fyrir atbeina þeirra, sem lögín um aðstoð við vangefna voru sett árið 1958, en fyrir þann tíma höfðu ríki og sveitarfélög litið sinnt málefnum þessa fólks.

Á síðustu árum hefur mikið áunnist í þessum eignum, en betur má ef duga skal. Hraða þarf svo sem kostur er byggingaframkvæmdum, sem hafnar eru og samþykktar hafa verið svo að þær komi sem fyrst að gagni.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Styrktarsjóði vangefinna verði enn um eins árs skeið tryggðar fastar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli eins og að undanfögnu. Jafnframt er lagt til að gjaldið, sem var 1,95 kr. frá árinu 1971 til júníloka 1976 verði 7,00 kr. af hverjum lítra.

Til þess að mæta þessum útgjöldum ríkissjóðs eru fjárhæðir í 1. gr. hækkaðar sem framlaginu nemur. Auk þess eru tollskrárnúmer færð til samræmis við endurskoðuð tollskrárlög.

Í byrjun næsta árs er ráðgert að fram fari heildarendurskoðun á lögnum vegna þeirra breytinga annarra sem leiða af frumvarpi því til laga um tollskrá o. fl. sem nú er til meðferðar Alþingis.